

36. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 25. september 2014, kl. 9:30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Jónína Magnúsdóttir, Preben Jón Pétursson, Edward Huijbens, Elsa Hrönn Auðunsdóttir fulltrúi nemenda, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Sjálfsmat

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2013-2014. Hana er að finna á vef skólans <http://www.mtr.is/static/files/sjalfsmat/sja-769-lfsmat-mtr-2013-2014.pdf>.

### 2. Innritun og upphaf annar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir því að nú væru 211 nemendur skráðir í skólann. 129 eru í dagskóla og 82 í fjarnámi.

### 3. Nýir áfangar

Skólameistari gerði grein fyrir nýjum áföngum sem kenndir eru á haustönn. Má þar nefna kvikmyndasögu, kvikmyndir og tölvuleiki, fantasíubókmenntir og fl.

### 4. Niðurskurður á nemendaígildum í fjárlögum næsta árs

Skólameistari gerði grein fyrir þeim hugmyndum sem koma fram í framlögðu fjárlagafrumvarpi næsta árs. Þar er gert ráð fyrir um 20% niðurskurði meðal landsbyggðarskóla. Niðurskurður Menntaskólans á Tröllaskaga er 13%. Gert er ráð fyrir að nemendaígildum fækki í 112. Lára sagði frá því að skólarnir í Fjarmentaskólasamstarfinu hefðu ákveðið að taka sig saman og vinna að því að kynna stjórnvöldum hagsmuni sína og samvinnu.

### 5. Önnur mál

#### 5.1 Ályktun skólanefndar

Ólafsfirði 25. september 2014

Skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga harmar mikinn niðurskurð á nemendaígildum skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015. Að óbreyttu þýðir það að erfitt er að veita núverandi nemendum áframhaldandi skólavist sem og að fjölbreytni í námi þeirra nemenda sem eftir verða skerðist verulega.

Skólanefnd hvetur til eflingar á samstarfi 12 framhaldsskóla á landsbyggðinni undir merkjum fjarmentaskólans um eflingu starfsnáms í dreifðum byggðum og samstarfi um kennslu nemenda skólanna til að tryggja trausta þekkingu fagmanna á þeim námsgreinum sem kenndar eru og auka hagkvæmni í rekstri skólanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir